

193

Á meðan engin mætir neyð



E♭ B♭ Cm G A♭ E♭/G B♭ E♭ B♭ E♭/G B♭/F F B♭

1. Á með - an eng - in mæt - ir neyð, á með - an slétt er æv - i - leið
 2. En þeg - ar kem - ur hregg og hrið og hrell - ing þjak - ar, neyð og stríð,
 3. Hann harm - a - kvein vort heyr - ir vel og hast - ar á hið dimm - a él
 4. En gjaf - ar - inn oss gleym - ist þrátt þótt gæsk - u reyn - um hans og mátt.

E♭ A♭ E♭ Fm/E♭ B♭/D E♭ Fm/A♭ G Cm B♭/D E♭ B♭ Cm E♭/B♭ B♭⁷ E♭

vér göng - um þrátt með létt - a lund og leit - um ei á Jes - ú fund.
 í dauð - ans ang - ist dapr - ir þá vér Drott - in Jes - úm köll - um á.
 og sveip - ar skýj - um sól - u frá, öll sorg og kvíð - i dvín - ar þá.
 Af gjöf - um Drott - ins gleðj - umst vér en gleym - um að oss þakk - a ber.

5. Sjá, ævin hefur enga bið,
 þó enn er tími' að snúa við,
 að flytja þakkir þeim sem gaf,
 ei það má gleymast héðan af.

6. Því jafnvel skynlaus skepnan sér
 hve skaparanum þakka ber,
 um himingeiminn, lög og láð
 hún lofar Drottins miklu náð.

7. Ó, stöndum eigi eftir þá
 en aftur snúum þökk að tjá
 og látum hljóma lífs með hjörð
 hans lof og dýrð með þakkargjörð.